

Skuggamynd hennar var að smámást út. Hún birtist sjónum okkar til þess, ef svo mætti að orði komast, að segja oss með eigin orðum söguna af þessum tveimur nægjusömu elskendum, sem leituðu sér hælís í skauti hennar. — — —

Þýðing eftir Mrs. G. J.

Greinin um „Spádóma“ og þýdda ritg. „Jerúsalem“ eru aðsendar báðar. Ritdómurinn um „Pyrna“ var tekinn fyrir annara tilmæli, en eigi að síður hugsar Heimir sér að geta ljóðmæla Þorst. sjálfur áður langt um líður.

EINS OG kaupendur hafa orðið varir, hefir blað vort ekki ávalt komið út jafn stöðugt og til var ætlast í fyrstu. Það hafa þegar verið teknar fram ástæðurnar fyrir því á sérstöku prentuðu blaði, er fylgdi síðasta númeri. En það hafa útgefendur hugsað sér, að árgangurinn skuli allur verða útkominn um næstu áramót.

Það verður því töluvert fé, sem Heimir á útistandandi hjá vinum og kaupendum sínum, um það að nýárið kemur. — Til þess að geta innt öll skil af hendi við kaupendur, hefir allmiklu verið til kostað. Það er því ósk vor og von, að sem flestir sýni sömu skil. Munið eftir, að fyrir jólin er hentugur tími að borga og fyrir jólin koma skildingarnir sér vel. — Jólanúmerið verður vandað, tvöfalt að stærð og með myndum.

Nýir kaupendur að næsta árgangi fá það frítt, ef borgað er fyrirfram. Hjálpið oss til þess að útbreiða Heimir, að innheimta fyrir hann, að gjöra hann vel úr garði, afla honum vinsælda. Sendið honum stuttar og vel samdar ritgjörðir um áhugamál yðar. Gjörið hann að yðar blaði. Frelsið og sannleikurinn sigra, óttist ekki að fylla flokk þess. Hvorttveggja á það skilið. Það hvorttveggja er undirstaða mannskapar og drenglyndis. —

HEIMIR er gefinn út af nokkrum Íslendingum í Ameríku; kemur út 12 sinnum á ári og kostar \$ 1 árg. — Útsendingu og innheimtu annast Björn Pétursson, 704 Simcoe Street. Ritstjóri síra Rögnvaldur Pétursson, Winnipeg.

Prentari: Gísli Jónsson, Winnipeg Man.